

Trúnaðarmannaráð Sameykis

Dags. 19.05.2020	Kl. 13:15	Staður: Grettisgata og fjarfundabúnaður
Fundarboðari: KEA	Fundarritari: ISF	

1. Kjaramál

- Stytting vinnuvikunnar – vinnan framundan
- Jöfnun launa milli markaða
- Fréttir af hvaða samningar hafa verið undirritaðir og farið í atkvæðagreiðslu

Árni Stefán Jónsson og Garðar Hilmarsson

Hlé í 10 mínútur

2. Fréttir af verkefnum BSRB

- Vinna samhæfingarhóps umaðgerðir í mennta- og vinnumarkaðsmálum sumarið 2020. Dagný Aradóttir Pind, lögfræðingur BSRB
- Annað sem BSRB vinna að s.s. umsagnir um aðgerðir, áherslur o.s.frv.
- Þjóðhagsráð
Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, hagfræðingur BSRB

3. Aðalfundur Sameykis

1. Kjaramál

Árni Stefán setti fundinn og sagði að nú eigi tæknimálin að vera betri en á síðasta trúnaðarmannafundi. Leyfi fyrir fleiri fundarmenn á Zoom fundi Sameykis, allt að 500 manns, er nú komið.

- Árni Stefán fór yfir hvaða kjarasamningum er lokið og hverjir eru enn eftir. Þær stofnanir sem eru eftir eru ekki með marga félagsmenn frá okkur.
Meginmarkmið kjarasamninganna var stytting vinnuvikunnar, úr 40 stundum í 36 stundir. Stytting og breyting á vinnufyrirkomulagi vaktavinnustarfsmanna. Jafnframt var markmið að fækka yfirvinnustundum. BSRB félögin gerðu kjarasamning við ríkið 9. mars. Sameyki og önnur félög sem eru með ríkisstarfsmenn hafa gert athugasemd við 7. gr. samningsin um yfirvinnu. Önnur útfærsla á yfirvinnu en er hjá vaktavinnufólki og Ríkissáttasemjari staðfesti það eftir að við höfðum gert athugasemd. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem villa slæðist í kjarasamning og vanalega er sátt hjá báðum samningsaðilum að leiðrétta það. En í þetta sinn hefur samninganefnd ríkisins ekki samþykkt að lagfæra þetta.
BSRB hefur rekið þetta mál fyrir hönd félaganna. Ríkissáttasemjari hefur staðfest hvernig viðræður voru.

Árni ræddi líka um önnur laun sem koma í stað yfirvinnukaups. Ef þau komast á þá þarf að endurskoða þau einu sinni á ári, þau taka ekki kjarasamningshækkunum. Atvinnurekendur voru hræddir um að ekki tækist að minnka yfirvinnu þegar stytta ætti vinnuvikuna. Árni sýndi dæmi um hvernig yfirvinna 1 og 2 skila misháum greiðslum. Til að ná sama vinnutíma fjölda á mánuði þá vinnur starfsmaður 27,33 yfirvinnustundir eftir styttinguna, sem skilar sér í nærri 70.000 kr. hærri launum.

Stytting vinnuvikunnar hjá dagvinnustarfsmönnum, vinnan við útfærslu hennar hefst almennt í haust. Skipaðar verða vinnutímanefndir á hverri stofnun eða vinnustað, einn fulltrúi starfsmanna sem tilheyra heildarsamtökum opinberra starfsmanna (BSRB, BHM og KÍ) og einn fulltrúi frá stjórnendum stofnunarinnar. Niðurstaða samtalsins skal liggja fyrir 1. október og taka gildi eigi síðar en 1. janúar 2021.

Fljótlega eftir sumarið mun félagið heyra í trúnaðarmönnum hvort vinna við þetta sé ekki að hefjast á þeirra vinnustöðum. Athugasemdir komu frá trúnaðarmönnum á Zoom, stjórnendur stefna á þessa vinnu eftir áramót eða kannast ekki við hvernig þetta skuli framkvæmt.

Árni segir það algjörlega rangt að þetta megi dragast fram yfir áramót, skv. kjarasamningi á að vera búið að gera drög að þessu fyrir 1. október. Árni sagði að það er skrifað nákvæmlega í kjarasamninginn hvernig skuli fara að þessu.

Fyrirspurnir komu hvernig vinnustaður eða eining sé skilgreind. Árni sagði að það gæti verið mismunandi eftir stærð og tengslum eininga, almennt á hver vinnustaður að tilnefna vinnutímanefnd. Nefndin á svo að leiða vinnuna, starfsmenn eiga að fá tækifæri til að koma með hugleiðingar og athugasemdir. Athugasemdir voru um 13 mínútna styttingu á dag, það geti aldrei orðið að 4 klukkutímum á viku. Árni útskýrði muninn á útfærslum á styttingu miðað við neysluhlé og virkan vinnutíma sem er nú á mörgum stofnunum 37,05 tímar.

Árni sýndi dæmi um styttingu vinnuvikunnar, ýmist eru neysluhlé innan eða utan vinnutímans.

Vinnutími kl. 8-15:12 (36 tímar) – hefðbundin neysluhlé eru hluti af vinnutímanum.

Vinnutími kl. 8-15:47 og hefðbundin neysluhlé (35 mín.) eru á forræði starfsmanns.

Árni sýndi líka glæru um vikulega styttingu vikunnar. Fleiri dæmi um útfærslu er í Fylgiskjali I með kjarasamningnum. Betrivinnutimi.is – þar er líka fjallað um þetta.

Innleiðing á styttingu vaktavinnustarfsmanna – þar er ekki skipuð vinnutímanefnd heldur verður skipaður stýrihópur sem ber ábyrgð á innleiðingunni og eftirfylgni, hann skipar innleiðingahóp sem býr til leiðbeiningar og stuðningsefni og matshóp sem metur framvindu verkefnis.

Ef kostnaður fer úr böndunum þá má stýrihópur grípa inn í.

Fyrir 15. janúar 2021 skulu stjórnendur bjóða starfsmönnum hækkun á starfshlutfalli, stytting vinnuvikunnar tekur gildi 1. maí 2021.

Árni sýndi dæmi um styttingu vaktavinnufólks eftir vaktabyrði. Einnig var glæra um vægi vinnustunda og vaktaálag, einnig um vaktahvata sem hvetur til þess að skipulag vakta sé með heilsu og öryggi starfsmanna að leiðarljósi. Tryggir að fólk í 100% starfi lækki ekki í launum. Undirbúningur verður í haust, fræðsla vegna styttingu vinnuvikunnar, trúnaðarmenn og/eða fulltrúar í vinnutímanefndunum og trúnaðarmenn á vaktavinnustöðum verða boðaðir sér á umræðu- og vinnufundi eða vinnustofur.

2. Fréttir af verkefnum BSRB – innlit

a) Dagný Aradóttir Pind, lögfræðingur BSRB kynnti viðbrögð BSRB á Covid tímum.

Skipaður var samhæfingarhópur um atvinnu- og menntaúrræði (SAM). Verkefni hópsins voru að kortleggja og finna lausnir fyrir fólk, samhæfa upplýsingastreymi aðila og hafa yfirlit yfir aðgerðir og framgang.

Starf SAM felur í sér m.a. tillögur fyrir sumarið, sumarnám fyrir nemendur og atvinnuleitendur. Aðgerðir vegna atvinnuleitenda, greiningarvinna, útfæra úrræði, meta þörf.

Menntanefnd BSRB með aðkomu stjórnar BSRB, Starfsmennt og fleiri, unnu að áherslum BSRB. Fjárfestingar í samfélagslega mikilvægum greinum. Heildstæð nálgun með þarfir einstaklingsins og samfélagsins í heild. Hugsa í samhengi við framtíðarvinnnumarkaðinn, 4. iðnbyltinguna. Áherslurnar eru í heild á vef BSRB.

Næstu skrefi SAM hópsins: Nám er vinnandi vegur 2.0. Skoða samspil ólíkra kerfa (námslán, atvinnuleysisbætur o.fl.) Áframhaldandi greiningar á markhópnum, tölur enn óljósar, margir á hlutabótum eða uppsagnarfresti, BSRB á eftir að sjá hvernig þetta kemur við okkar hópa. Vinna við færnisþá hefst í haust. Hópurinn er skipaður til áramóta.

- b) Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, hagfræðingur BSRB kynnti áherslur BSRB og samráð við stjórnvöld vegna heimsfaraldursins. Efnahagsáhrif faraldursins eru gríðarleg, spáð er 8% samdrætti í landsframleiðslu. Skráð atvinnuleysi í lok apríl var 17,8% af áætluðum fjölda fólksá vinnnumarkaði. 16.400 atvinnulausir að fullu og 32.800 eru í skertu starfshlutfalli. Í febrúar var 5% atvinnuleysi og 9,2% í apríl. Fólki í hlutabótaleiðinni fækkar nú. Talið líklegt að atvinnuleysi fari í 13% í ágúst og september en lækki síðan. Þá koma inn aðilar sem var sagt upp í vor. 565 félagar í BSRB voru atvinnulausir að fullu eða hluta í mars, meira en helmingur á hlutabótum. Félagar BSRB eru alls um 22.000.

Sigríður benti á að áherslur BSRB eru aðgengilegar á vefnum, hún fór yfir þær á síðasta trúnaðarmannafundi. Helstu áherslur eru: Tryggja heilbrigði og kjör framlínufólks, tryggja afkomu fólks, fjárfesta til framtíðar, tryggja eftirlit og setja skilyrði fyrir stuðningi til fyrirtækja, falli í tekjum ríkis- og sveitarfélaga verði mætt með tekjuöflun til lengri tíma en ekki niðurskurði.

Sigríður sagði frá hvernig BSRB kemur þessum áherslum á framfæri. Samráð við stjórnvöld, aðild að starfshópum, umsagnir, ályktanir og á formlegum vettvangi Þjóðhagsráð. Þjóðhagsráð er formlegur samstarfsvettvangur stjórnvalda og aðila vinnnumarkaðarins. Ráðið hittist 4 sinnum á ári, þar sitja formenn stjórnarflokkanna, fulltrúar BSRB, ASÍ BHM, KÍ, SA, SÍS og Seðlabanka. Þjóðhagsráð hefur haldið tvo aukafundi vegna heimsfaraldursins.

3. Aðalfundur Sameykis

Árni Stefán sagði að eins og allir vita er ekki búið að halda aðalfund Sameykis í ár, honum var frestað vegna Covid-19. Aðalfundurinn verður 17. september, kl. 17 í Gullhömrum. Eins og áður verður fulltrúaráðsfundur á undan, kl. 14. Þar verður fjallað um ályktanir og fleira sem verður á dagskrá aðalfundar.

4. Önnur mál

Jakobína sagði frá fyrirlestri Þekkingarmiðlunar sem er aðgengilegur á Facebookvef trúnaðarmanna Sameykis í nokkra daga.

Árni ræddi um fyrirkomulag trúnaðarmannafunda sem hafa verið með fjarfundasniði í nokkur skipti, möguleiki er að hafa þá stundum sem fjarfundi í framtíðinni. Það sparar fólki mikinn ferðatíma. Spurt var um launaskriðstryggingu, Árni sagði að það væri í fastari skorðum nú.

Fundi slitið kl. 15:15